

Ákvæði laga um framhaldsskóla, reglugerða sem byggðar eru á þeim og aðalnámskrár framhaldsskóla um símenntun og starfsþróun í framhaldsskólum.

Efnisyfirlit

1. Lög um framhaldsskóla 92/2008
2. Reglugerðir sem byggðar eru á lögum um framhaldsskóla:
 - Reglugerð nr. 762/2010 um námsorlof um námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla
 - Reglugerð nr. 1100/2007 um starfslið og skipulag framhaldsskóla
 - Reglugerð nr. 230/2012 um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum
 - Reglugerð nr. 654/2009 um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku
 - Reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum
 - Reglugerð nr. 242/2009 um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla
 - Reglugerð nr. 235/2012 um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólalæsi, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur
3. Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011
4. Yfirlit yfir fjárveitingar til Sprotasjóðs og Þróunarsjóðs námsgagna og þróun fjárveitinga

1. Lög um framhaldsskóla 92/2008

2. gr. Hlutverk.

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífnum og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfna þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

3. gr. Yfirstjórn.

[Ráðherra] fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og ber ábyrgð á eftirfarandi:

- a. almennri stefnumótun í málefnum framhaldsskóla,
- b. aðalnámskrá og staðfestingu á námskrám og námsbrautarlýsingum skóla,
- c. eftirliti með stjórnáslu og skólastarfi,
- d. stuðningi við þróunarstarf í framhaldsskólum og þróun námsefnis,
- e. söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga um skólastarf.

5. gr. Skólanefndir.

Ráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningum sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kys sér formann til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru þrír með málfrelsi og tillögurétt, einn tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans og einn af foreldraráði, til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

Hlutverk skólanefndar er að:

- a. marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf,
- b. vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla,
- c. staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
- d. veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar,
- e. vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr.,

- f. vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir,
- g. vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál,
- h. veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.

6. gr. Skólameistari.

Ráðherra skipar skólameistara í framhaldsskólum til fimm ára í senn. Skólanefnd veitir umsögn um umsækjendur um starf skólameistara. Kennari, sem skipaður er skólameistari, skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir embætti skólameistara.

Skólameistari veitir framhaldsskóla forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

[Ráðherra er heimilt að fela skólameistara forstöðu í fleiri en einum framhaldsskóla.]

8. gr. Starfsfólk framhaldsskóla.

Skólameistari ræður stjórnendur, kennara og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd.

Skólameistari ræður staðgengil sinn til allt að fimm ára í senn. Kennari, sem ráðinn er staðgengill skólameistara, skal eftir atvikum fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir staðgöngu.

[Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari, kennari eða náms- og starfsráðgjafi við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og laga um náms- og starfsráðgjafa.]

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við framhaldsskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólameistara til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

10. gr. Kennarafundir.

Í framhaldsskólum skal halda kennarafund a.m.k. tvisvar sinnum á skólaári. Skólameistari boðar til fundar, leggur fram dagskrá og stýrir fundi eða felur öðrum stjórn hans. Fundargerð kennarafundar skal kynnt skólanefnd. Almennir kennarafundir í framhaldsskólum skulu fjalla um stefnumörkun í starfi skóla, m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, tilhögun prófa og námsmat.

Skólanefnd, skólameistari og skólaráð geta leitað til kennarafundar um önnur mál.

Kennarafundur kýs við upphaf haustannar fulltrúa í skólaráð. Kennarafundur kýs einnig áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

Allir kennarar sem starfa við skóla eiga rétt til setu á kennarafundi. Skólameistari undirbýr mál er fyrir kennarafund koma, en öllum sem þar eiga seturétt er heimilt að bera þar fram mál

11. gr. Námsorlof.

Kennari sem starfað hefur í a.m.k. fimm ár getur óskað eftir að fá sérstakt námsorlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann senda [ráðuneytinu] beiðni um námsorlof. Ráðuneytið getur, að fenginni umsögn skólameistara, veitt námsorlof allt að einu ári á föstum launum. Kennari er nýtur námsorlofs getur jafnframt sótt um styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við námsorlofið. Sá sem fær orlof skilar skýrslu til ráðuneytisins um hvernig því var varið.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara og annarra faglegra stjórnenda.

Ráðherra setur reglugerð¹ um námsorlof samkvæmt grein þessari.

¹¹ Reglugerð nr. 762/2010 um námsorlof um námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla.

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=427f95a1-31b6-4613-a5d8-02bd8c03c8e8>

Reglugerð nr. 1100/2007 um starfslið og skipulag framhaldsskóla.

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1100-2007>

21. gr. Aðalnámskrá.

Aðalnámskrá framhaldsskóla, er ráðherra setur, kveður á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs á framhaldsskólastigi. Aðalnámskrá framhaldsskóla skiptist í tvo hluta, almennan hluta samkvæmt grein þessari og námsbrautarlýsingu skv. 23. gr. Tilkynning um gildistöku aðalnámskrár eða hluta hennar skal birt í Stjórnartíðindum.

Í almennum hluta aðalnámskrár eru útfærðir starfshættir og markmið framhaldsskóla. Almennur hluti aðalnámskrár skal m.a. innihalda eftirfarandi:

- a. ákvæði um uppbyggingu námsbrautarlýsinga og um vægi kjarnagreina framhaldsskóla,
- b. skilyrði um hvernig markmið einstakra áfanga og námsbrauta og lokamarkmið náms skulu skilgreind,
- c. viðmið um námskröfur og námsframvindu,
- d. reglur um námsmat og vitnisburð,
- e. skilgreining á vinnustaðanámi og reglur um fyrirkomulag vinnustaðanáms,
- f. reglur um mat á starfsnámi og skilgreiningu færnimarkmiða,
- g. reglur um raunfærnimat, jafngildingu náms og mat á námi þegar nemendur flytjast milli skóla eða námsbrauta,
- h. almennar reglur um skólanámskrár,
- i. ákvæði um mat á skólastarfi,
- j. almennar reglur um réttindi og skyldur nemenda og meðferð ágreiningsmála

22. gr. Skólanámskrá.

Sérhver framhaldsskóli skal gefa út skólanámskrá. Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautarlýsingar.

Í almennum hluta skólanámskrár skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kýs að kveða á um í skólanámskrá. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Um setningu námsbrautarlýsinga í skólanámskrá skal farið að ákvæðum 23. gr.

Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár

26. gr. Fagráð.

Starfsgreinaráð geta stofnað fagráð fyrir hverja starfsgrein eða starfsgreinaflokk sem eru skipuð fulltrúum einstakra starfsgreina og fagkennurum skóla og/eða öðrum sérfræðing um. Fagráð veitir ráðgjöf um nýjungar og þróun starfsgreina á viðkomandi sviði og gerir tillögur um sérstök tilrauna- og þróunarverkefni. Starfsgreinaráð móta að öðru leyti reglur um verksvið fagráða.

29. gr. Kjarnaskólar.

Ráðherra getur gert framhaldsskóla að kjarnaskóla á tilteknu sviði um lengri eða skemmri tíma. Kjarnaskóli hefur forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir og aðstoðar aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði.

Í samningi, er ráðherra gerir við skóla er tekur að sér hlutverk kjarnaskóla, skal verkefnið skilgreint, stjórnun þess, lengd samningstíma og hvernig úttekt þess skuli háttáð. Hagsmunaaðilar á vinnumarkaði og starfsgreinaráð geta átt aðild að slíkum samningi.

[Ráðuneytið] leggur kjarnaskólum til sérstakar fjárveitingar vegna sammingsbundinna verkefna.

30. gr. Námsmat.

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara, undir umsjón skólameistara. Matið byggist á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá.

Nemandi á rétt til að fá útskýringar á mati er liggur að baki lokaeinkunn í námsáfanga innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi, sem ekki hefur náð lágmarkseinkunn, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til skólameistara og óskað eftir mati sérstaks prófdómara. Þá

skal kveðja til óvilhallan prófdómara sem metur prófúrlausnir. Úrskurður hans er endanlegur og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Þeir nemendur sem hyggjast ljúka stúdentsprófi skulu hafa lokið öllum námsáföngum samkvæmt námskrá með fullnægjandi árangri samkvæmt mati viðkomandi skóla. Í kjarnagreinum framhaldsskóla, sbr. 18. gr., skal námsmat í lokaáföngum til stúdentsprófs taka mið af viðmiðunarprófum sem ráðherra lætur í té eða viðurkennir. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að leggja fyrir könnunarpróf í einstökum námsgreinum framhaldsskóla, svo og færnipróf, sbr. 23. gr. um færnimarkmið náms.

Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi. Ráðherra setur reglugerð um uppbyggingu og framkvæmd sveinsprófa. Heimilt er ráðherra að skipa sérstakar sveinsprófsnefndir í löggiltum iðngreinum til að annast samræmingu, framkvæmd og mat í tengslum við prófhald. Heimilt er ráðherra jafnframt að fela sveinsprófsnefnd mat á annarri iðnmenntun þegar við á.

Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um fyrirkomulag og framkvæmd færni- og könnunarprófa sem lögð eru fyrir nemendur í framhaldsskólum.

[33. gr. b. Skólabragur.

Öllum aðilum skólasamfélagsins ber að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag.

Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra yngri en 18 ára. Foreldrum ber með sama hætti að eiga samráð við skólann um skólagöngu barna sinna. Sama á við um aðra forsjáraðila barna í viðkomandi skóla.

Hver skóli skal setja sér skólareglur og birta þær í skólanámskrá. Í reglunum skal m.a. kveðið á um hegðun og almenna umgengni, samskipti, heilbrigðar lífsvenjur, skólasókn, námsframvindu, meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Framhaldsskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi.

Skólar skulu einnig hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, og jafnframt um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun.

Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í reglugerð sem sett er sameiginlega á grundvelli þessarar greinar og 33. gr. a. Þar skal m.a. mælt fyrir um starfrækslu fagráðs á vegum ráðuneytisins er verði ráðgefandi í eineltismálum.

34. gr. Nemendur með sérþarfir.

Á framhaldsskólastigi skal veita nemendum með fötlun, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, og nemendum með tilfinningalega eða félagslega örðugleika kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og viðeigandi aðbúnaður eftir því sem þörf krefur. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Ráðherra getur í samningi við framhaldsskóla heimilað rekstur sérstakra námsbrauta við framhaldsskóla fyrir nemendur með fötlun.

Nemendur með leshömlun skulu eiga aðgang að sérsniðnum námsgögnum eftir því sem við verður komið. Framhaldsskóli gerir grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun.

Framhaldsskólar skulu leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eða veikindi.

Ráðherra getur sett reglugerð² með nánari ákvæðum um réttindi, kennslu og nám í framhaldsskólum. Einnig skal í reglugerð kveðið á um rétt heyrnarskertra eða heyrnarlausra nemenda til sérstakrar kennslu í íslensku táknmáli.

² Reglugerð nr. 230/2012 um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum. <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/230-2012>

35. gr. Tungumál, nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Kennsla í framhaldsskólum skal fara fram á íslensku.

Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar

a. það leiðir af eðli náms eða námskrár og

b. þegar um er að ræða námsbrautir sem sérstaklega eru ætlaðar nemendum sem ekki hafa vald á íslensku eða verða að stunda eða hafa stundað hluta af námi sínu erlendis.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Sama gildir um nemendur sem dvalist hafa langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í íslensku. Miða skal við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein, í fjarnámi eða með öðrum hætti.

Framhaldsskólar skulu setja sér áætlun um móttöku nemenda. Móttökuáætlun framhaldsskóla skal vera aðgengileg nemendum og foreldrum, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um námið og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum er greint frá möguleikum á túlkapjónustu. Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum.

Í reglugerð³ skal kveðið nánar á um rétt nemenda til kennslu í íslensku, svo og um tilhögun og mat á náminu.

40. gr. Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,

b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,

c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,

d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

41. gr. Innra mat.

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

42. gr. Ytra mat.

[Ráðuneytið] annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í framhaldsskólum og er það liður í reglubundnu ytra mati á gæðum skólastarfs ásamt úttektum, könnunum og rannsóknum.

Ytra mat getur náð til framhaldsskóla í heild, aðferða við innra mat eða annarra skilgreindra þátta í starfsemi framhaldsskóla. Jafnframt getur ytra mat náð til nokkurra framhaldsskóla í senn. Framhaldsskólar skulu leggja fram þá aðstoð og þau gögn sem matið útheimtir, þ.m.t. niðurstöður innra mats. Matsskýrslur sem unnar eru samkvæmt lögum þessum skulu birtar opinberlega. Að loknu ytra mati skal framhaldsskóli gera grein fyrir því hvernig brugðist verður við niðurstöðum þess. [Ráðuneytið] skal leitast við að fylgja innra og ytra mati eftir með stuðningi, fræðslu og ráðgjöf til viðkomandi skóla þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

[Ráðuneytið] gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara, aðalnámskrár framhaldsskóla og annarra þátta skólastarfs. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að láta fara fram sérstakt ytra mat á framhaldsskóla eða einstökum þáttum skólastarfs ef ástæða þykir til. Úttekt á framhaldsskóla skal fara fram eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og unnin af óháðum aðilum.

Ytra mat nær eingöngu til framhaldsskóla sem hljóta fjárveitingar í fjárlögum og gerður hefur verið samningur við, sbr. 44. gr.

³ Reglugerð nr. 654/2009 um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku.
<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/654-2009>

Ráðherra setur reglugerð⁴ um innra og ytra mat.

44. gr. Samningar við framhaldsskóla.

Umfang starfsemi framhaldsskóla, að svo miklu leyti sem hún er fjármögnuð með framlögum úr ríkissjóði, er ákveðið í fjárlögum.

Í samningum milli ráðherra og einstakra framhaldsskóla, sem gerðir eru til 3–5 ára í senn, skulu koma fram helstu áherslur í starfsemi skólans, námskrár, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og annað sem æskilegt er talið af hálfu samningsaðila. Farið skal yfir framkvæmd þessara samninga árlega og gildandi samningar endurskoðaðir ef samningsaðilar telja ástæðu til.

Þjónustusamningar sem gerðir eru við aðra en opinbera framhaldsskóla skulu, auk þeirra atriða sem talin eru í 2. mgr., kveða á um réttarstöðu nemenda, nemendafjölda, gjaldtöku af nemendum og greiðslur fyrir aðra þjónustu sem veitt er á grundvelli samningsins.

52. gr. Nýbreytni í skólastarfi.

Ráðherra getur heimilað framhaldsskóla að innleiða nýbreytni í skólastarfi og gera tilraunir með ákveðna þætti þess með undanþágu frá ákvæðum laga þessara og reglugerða er settar kunna að verða samkvæmt þeim. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og í leyfi kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

53. gr. Sprotasjóður.

Sprotasjóður styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Til sjóðsins renna fjármunir samkvæmt fjárlögum hverju sinni. [Ráðuneytið] hefur umsjón með sjóðnum og setur reglugerð⁵ um styrkveitingar. Í reglugerð er heimilt að fela stofnun á vegum ráðuneytisins eða öðrum þar til bærum aðilum umsjón með sjóðnum og að annast úthlutanir úr honum.

55. gr. Upplýsingagjöf.

[Ráðuneytið] annast söfnun og miðlun upplýsinga um skólahald og skólastarf á framhaldsskólastigi sem varða lögbundið eftirlitshlutverk þess. Skulu framhaldsskólar gera ráðuneytinu árlega eða oftár, sé þess óskað, grein fyrir framkvæmd skólahalds.

Ráðherra setur í reglugerð⁶ nánari fyrirmæli um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólahald og enn fremur aðra kerfisbundna skráningu skóla og meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal um námsferil nemenda.

56. gr. Skýrslur til Alþingis

Ráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti.

⁴ Reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum. <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/700-2010>

⁵ Reglugerð nr. 242/2009 um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla.

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/efrir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/15354>

⁶ Reglugerð nr. 235/2012 um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólahald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur. <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/235-2012>

2. Reglugerðir sem byggðar eru á lögum um framhaldsskóla:

REGLUGERÐ

um námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla.

Nr. 762 21. september 2010

1. gr.

Gildissvið og tilgangur.

Reglugerð þessi tekur til námsorlofs kennara, skólameistara og annarra faglegra stjórnenda framhaldsskóla sem starfað hafa í a.m.k. fimm ár við kennslu- eða stjórnunarstörf í framhaldsskóla.

Tilgangur námsorlofs er að veita þeim sem um það sækja tækifæri til að efla þekkingu sína og kennarahæfni.

Skólameistarar geta sótt um orlof í nafni skóla fyrir einstaka kennara til þekkingaröflunar eða þjálfunar sem skólinn leggur sérstaka áherslu á.

2. gr.

Fyrirkomulag og nýting námsorlofs.

Námsorlof getur annars vegar falist í fullu leyfi frá störfum í allt að eitt ár eða lækkun á vinnuskyldu innan þeirra marka, og hins vegar í greiðslu mánaðarlauna í allt að eitt ár eða greiðslu hlutfalls þeirra sem svarar til lækkunar vinnuskyldu, ef um slíkt er að ræða. Um mánaðarlaun skólameistara fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs um mánaðarlaun án eininga.

Ef heimild er veitt til þess að nýta námsorlof til þess að stunda fjarnám við viðurkennda menntastofnun eða þjálfun, t.d. vegna tæknipróunar, án leyfis frá starfi eða lækkunar vinnuskyldu, er heimilt að veita styrk til slíks náms til að mæta útlögðum kostnaði, s.s. vegna skólagjalda og tiltekins ferðakostnaðar.

3. gr.

Auglýsing og umsóknir.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um námsorlof eigi síðar en 1. september ár hvert og skulu umsóknir berast ráðuneytinu með rafrænum hætti eigi síðar en 1. október. Í umsókn skal m.a. taka fram eftirfarandi:

- a. hvernig umsækjandi hyggst verja námsorlofinu og hvernig ætlað er að það muni nýtast í starfi,
- b. upplýsingar um menntastofnun þar sem ráðgert er að stunda nám á orlofstíma. Sé ekki um reglulegt nám að ræða, heldur styttri námskeið, þjálfun eða annars konar námsdvöl, skal gera ítarlega grein fyrir tilhögun námsins,
- c. hvort umsækjandi hefur áður fengið námsorlof kennara,
- d. rökstuðningur skólameistara fyrir umsókn um leyfi til endurmenntunar einstakra kennara sem sótt er um orlof fyrir í nafni skóla, sbr. 3. mgr. 1. gr.,
- e. aðrar upplýsingar sem umsækjandi telur skipta máli.

Umsækjandi um námsorlof skal upplýsa skólameistara um umsókn sína.

Afgreiðsla umsókna vegna næsta skólaárs skal fara fram fyrir 15. desember ár hvert.

4. gr.

Styrkir.

Heimilt er að veita þeim styrk sem hafa fengið námsorlof af fé því er veitt er til námsorlofa á fjárlögum hverju sinni. Styrkirnir eru ætlaðir til að standa straum af sérstökum kostnaði við að sækja og stunda námið, svo sem vegna ferðalaga, skólagjalda, húsnæðiskostnaðar og fleira.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið kynnir orlofsþegum styrkmöguleika og skulu umsóknir hafa borist ráðuneytinu fyrir 1. september vegna haustannar og fyrir 1. janúar vegna vorannar. Ljúka skal afgreiðslu styrkumsókna fyrir 1. október og 1. febrúar ár hvert.

5. gr.

Meðferð umsókna og námsorlofsnefnd.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar þriggja manna námsorlofsnefnd sem gerir tillögur um úthlutun námsorlofa og styrkja skv. 2. og 4. gr. til ráðherra. Við meðferð umsókna skal nefndin leita umsagnar skólameistara og m.a. taka tillit til eftirfarandi:

- a. hvers konar nám umsækjandi hyggst stunda og hvernig það muni nýtast viðkomandi stofnun eða skólakerfinu í heild. Orlof skal fyrst og fremst veitt til náms sem tengist starfssviði umsækjanda,
- b. starfsaldurs umsækjenda sem sækja um í eigin nafni,
- c. eðlilegrar dreifingar milli skólastofnana, námsgreina, skólasvæða og kynja,
- d. rökstuðnings skólameistara fyrir umsókn um orlof fyrir einstaka kennara í nafni skóla, sbr. 3. mgr. 1. gr.

Námsorlofsnefnd skal þannig skipuð: Einn skal skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Kennarasambands Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartímabil nefndarinnar er fjögur ár.

6. gr.

Upplýsingar orlofsþega um nýtingu námsorlofs.

Innan sex mánaða frá því að námsorlofi lýkur skal orlofsþegi senda mennta- og menningarmálaráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skýrslan skal miðuð við að unnt sé að birta hana.

7. gr.

Skýrsla um veitingu námsorlofa.

Að loknu hverju námsorlofsári skal námsorlofsnefnd taka saman skýrslu um veitingu námsorlofa. Í skýrslunni skulu m.a. koma fram upplýsingar um fjárveitingar til námsorlofa, styrkja og fjölda umsækjenda. Þá skal tilgreina nöfn þeirra er hlutu orlof, viðfangsefni þeirra á orlofstímanum, sérsvið þeirra eða kennslugrein, starfsreynslu og vinnustað. Skýrslan skal birt á vef ráðuneytis.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 331/1997 um námsorlof framhaldsskólakennara.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 21. september 2010.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 11. október 2010

Ásta Magnúsdóttir.

**REGLUGERÐ
um starfslið og skipulag framhaldsskóla.**

Nr. 1100 2. nóvember 2007

1. gr.

Starfslið skóla starfar samkvæmt lögum, reglugerðum, erindisbréfum og gildandi fyrirmælum á hverjum tíma svo og ákvörðun skólameistara um skiptingu starfa milli starfsmanna.

Um yfirstjórn innan hvers skóla fer samkvæmt skipulagi stjórnunar sem sett er í skólasamningi og staðfest með undirritun hans.

Skipulag skóla byggir á grundvelli deilda og/eða verkefna sem skilgreind eru af yfirstjórn skóla í skólanámskrá og í stofnanasamningum samstarfsnefnda skóla og falin eru starfsmönnum með hliðsjón af þeim.

2. gr.

Auglýsa skal öll laus störf innan framhaldsskólans. Um skilyrði til þess að vera skipaður skólameistari eða ráðinn framhaldsskólakennari fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Við ráðningu alls starfsfólks framhaldsskóla og þegar valið er á milli umsækjenda er skylt að taka tillit til menntunar og starfsreynslu auk annarra verðleika.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning um öll störf í framhaldsskólum.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólameistara við framhaldsskóla til fimm ára í senn að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar og setur honum erindisbréf, sbr. auglýsingu um erindisbréf skólameistara í framhaldsskólum nr. 453/1997.

Skólameistari skal m.a.:

- a. bera ábyrgð á starfsemi skólans, menntunar- og uppeldishlutverki, þróunarstarfi innan hans, gerð skólanámskrár og innritun nemenda,
- b. bera ábyrgð á eignum, fjárreiðum og öðrum rekstri skólans,
- c. vinna með skólanefnd að gerð fjárhags- og starfsáætlana til lengri og skemmri tíma og sjá til þess að þeim sé framfylgt,
- d. sjá um að lögum, reglugerðum og námskrá sé framfylgt,
- e. ráða, að höfðu samráði við skólanefnd, starfsfólk skóla eftir því sem gildandi lög segja til um og skipta með þeim verkum,
- f. hafa yfirumsjón með starfi kennara og annarra starfsmanna skólans og fylgjast með því að þeir ræki skyldur sínar og njóti þeirra réttinda sem þeim ber,
- g. sjá til þess að fylgst sé með því að nemendur stundi nám sitt, hlíti þeim reglum sem settar eru og njóti þeirra réttinda sem þeim ber,
- h. taka afstöðu til og úrskurða um álitamál vegna innra starfs og starfstíma skólans,
- i. sjá um tengsl skólans út á við, m.a. við aðstandendur nemenda, aðra skóla og aðila á öðrum sviðum atvinnulífsins,
- j. vera framkvæmdastjóri skólanefndar með málfrelsi og tillögurrétt,
- k. vera oddviti skólaráðs,
- l. kalla saman kennarafundi,
- m. bera ábyrgð á innra mati á starfi skólans,
- n. bera ábyrgð á að starfsemi skólans sé kynnt,
- o. sjá til þess að fyrir liggi upplýsingar um skólastarfið og að nauðsynlegar skýrslur um það séu gerðar.

4. gr.

Skólameistari ber ábyrgð á að upplýsa forráðamenn ólögráðra nemenda um námsástundun, námsgengi og önnur atriði er varða skólavist nemandans og velferð hans.

5. gr.

Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara að höfðu samráði við skólanefnd til allt að fimm ára í senn að undangenginni opinberri auglýsingu.

Aðstoðarskólameistari skal uppfylla skilyrði í ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Endurráðning er heimil að undangenginni auglýsingu.

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn skólans og rekstur.

Nánar má kveða á um starfsskyldur aðstoðarskólameistara í erindisbréfi er skólameistari setur.

6. gr.

Skólameistara er heimilt að ráða áfangastjóra að höfðu samráði við skólanefnd til allt að fjögurra ára í senn úr hópi framhaldsskólakennara við skólann eftir að starfið hefur verið auglýst innan skólans. Endurráðning er heimil að undangenginni auglýsingu.

Áfangastjóri skal m.a. hafa umsjón með rekstri áfangakerfis við skólann, en að öðru leyti má kveða nánar á um starfsskyldur hans í erindisbréfi sem skólameistari setur.

7. gr.

Skólameistari ræður kennara við framhaldsskóla að höfðu samráði við skólanefnd. Öllum kennararáðningum skal vera lokið eftir því sem kostur er á fyrir 1. júní ár hvert.

Kennarar annast, taka þátt í og bera ábyrgð á eftirfarandi:

- a. kennslu, undirbúningi kennslu, námsmati og faglegu samstarfi í kennslugreinum sínum, skv. markmiðum skóla- og aðalnámskrár,
- b. gerð kennsluáætlana og prófa í samstarfi við aðra kennara,

- c. að viðhalda faglegri hæfni sinni og huga að tengslum við aðrar námsgreinar,
 - d. skráningu fjarvista nemenda sinna,
 - e. öðru samstarfi vegna starfs síns skv. markmiðum skóla og aðalnámskrár,
 - f. almennri upplýsingagjöf og upplýsingagjöf vegna sjálfsmats skóla og skólanámskrár,
 - g. að hafa viðtalstíma fyrir nemendur sína og forráðamenn þeirra,
 - h. að sitja a.m.k. einn fund á ári/önn með forráðamönnum ólöggráða nemenda sinna.
- Kennari situr kennarafundi sem boðaðir eru skv. reglugerð um kennarafundi.

8. gr.

Auk þeirra föstu starfa sem tilgreind eru í 7. gr. er skólameistara heimilt með sérstöku samkomulagi við kennara að fela þeim önnur fagleg störf eða stjórnun. Slík störf skulu varða faglegt starf kennara á grundvelli kennslugreina, námsbrauta, deilda eða annarra heildstæðra eininga eða tengjast með öðrum hætti starfsemi skólans, þjónustu hans og samskiptum við nemendur. Um fagleg störf eða stjórnun sem þessi grein tekur til gilda starfslýsingar innan skóla með hliðsjón af stofnanasamningum þeirra og þau skal auglýsa innan skólans.

9. gr.

Skólameistari ræður náms- og starfsráðgjafa í samráði við skólanefnd. Náms- og starfsráðgjafi skal hafa lokið minnst fjögurra ára háskólanámi með fullgildum lokaprófum og þar af eins árs námi í náms- og starfsráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjafi veitir nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann. Náms- og starfsráðgjafi metur hvort unnt sé að leysa úr málum innan skólans eða hvort leita þarf eftir sérhæfðari meðferð til viðeigandi sérfræðinga eða stofnana. Hann kemur upplýsingum þar um til skólameistara.

Náms- og starfsráðgjafi skal m.a.:

- a. skipuleggja og sjá um framkvæmd náms- og starfsfræðslu í skólanum,
- b. annast ráðgjöf um náms- og starfsval,
- c. taka þátt í að skipuleggja ýmsar aðgerðir til að stuðla að betri líðan nemenda í skólanum,
- d. fylgjast með námsgengi nemenda sem til hans leita eða til hans er vísað og gera tillögur til úrbóta gerist þess þörf,
- e. liðsinna kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda og vera þeim til aðstoðar við skipulagningu og umsjón með nemendahópum,
- f. hafa samband við forráðamenn nemenda þegar þörf er á
- g. fylgjast með nýjungum á sviði námsráðgjafar,
- h. taka saman skýrslu um starfsemina í lok hvers skólaárs.

Fara skal með vitneskju sem náms- og starfsráðgjafi öðlast um persónuleg mál einstaklinga sem trúnaðarmál.

10. gr.

Skólameistari ræður starfsfólk skólasafns að höfðu samráði við skólanefnd. Yfirmaður skólasafns skal vera bókasafnsfræðingur.

Yfirmaður skólasafns situr fundi yfirstjórnar skólans þegar fjallað er um málefni er snerta skólasafnið sérstaklega.

Yfirmaður skólasafns skal m.a.:

- a. gera áætlanir um starfsemi safnsins og hafa umsjón með daglegum rekstri þess, bóka- og gagnakosti svo og tækjum og lestrarsölum,
- b. annast skráningu safnsins og sjá um að halda henni við,
- c. annast val og innkaup bóka og annarra gagna til safnsins í umboði skólameistara,
- d. leiðbeina nemendum og kennurum um notkun safnsins og aðstoða við upplýsingaöflun,
- e. kynna starfsemi safnsins innan skólans,
- f. fylgjast með nýjungum á sviði bókasafns- og upplýsingafræða,
- g. skila skýrslu til skólameistara um starfsemi safnsins í lok skólaárs.

11. gr.

Skólameistara er heimilt að ráða fjármálastjóra að höfðu samráði við skólanefnd. Skólameistari getur m.a falið fjármálastjóra að:

- a. gera fjárhagsáætlanir,
- b. sjá um bókhald skólans, sjóða og deilda sem reknar eru á ábyrgð skólans,
- c. sjá um innheimtu sér- og ríkistekna,
- d. sjá um greiðslu reikninga,
- e. aðstoða nemendur við færslu bókhalds nemendafélags,
- f. kostnaðarmeta nýja eða breytta starfsemi svo sem fyrirhugaðar námsbrautir,
- g. gefa að beiðni skólameistara yfirlit um fjárhagsstöðu skóla með tilliti til fjárheimilda á hverjum tíma og hvenær sem þurfa þykir,
- h. annast launabókhald skólans.

12. gr.

Þar sem ekki teljast efni til að ráða í allar þær stjórnunarstöður sem nefndar eru í reglugerð þessari, t.d. vegna smæðar framhaldsskóla, getur skólameistari að höfðu samráði við skólanefnd skipað störfum með öðrum hætti, s.s. með því að sameina störf með einni ráðningu, telji hann það henta.

13. gr.

Um önnur störf innan skóla, ótalin í reglugerð þessari, fer eftir ráðningarsamningi byggðum á lögum, reglugerðum, erindisbréfum, stofnanasamningum samstarfsnefnda skóla og öðrum gildandi fyrirmælum á hverjum tíma, sbr. 1. gr.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 11. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 5/2001 um starfslíð og skipulag framhaldsskóla, með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytinu, 2. nóvember 2007.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2007

Þórhallur Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum.

Nr. 230 14. febrúar 2012

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til framhaldsskólanemenda sem eiga rétt á kennslu og sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Reglugerðin gildir um þá nemendur sem innritaðir hafa verið til náms skv. 32. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, óháð því hvort hlutaðeigandi framhaldsskóli er rekinn af ríkinu eða öðrum aðila.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Með *námi án aðgreiningar* er átt við námsumhverfi þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi.

Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun og geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Með *metnum sérþörfum* er átt við upplýsingar frá viðurkenndum greiningaraðilum og þar til bærum sérfræðingum, s.s. sérkennurum og sálfræðingum, um sérstakar náms- og félagslegar þarfir sem kalla á sérfræðilega aðstoð og viðeigandi búnað.

Með *starfsbraut* er átt við sérúrræði sem kallar á málsmeðferð skv. V. kafla, þ.e. sérstakar námsbrautir við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks.

Foreldrar samkvæmt reglugerð þessari teljast þeir sem fara með forsjá barns til 18 ára aldurs í skilningi barnalaga nr. 76/2003.

Með *sérkennurum og öðrum fagaðilum* er átt við þá sem hafa menntun til þess að veita sérstakan stuðning í námi og sinna ráðgjöf til annarra framhaldsskólakennara. Til fagaðila annarra en sérkennara teljast m.a. þroskaþjálfar, náms- og starfsráðgjafar og aðrir aðilar sem láta í té sérfræðilega aðstoð.

Stoðþjónusta vísar til þeirrar þjónustu sem er í boði innan framhaldsskóla til að styðja við nemendur með sérþarfir og fötlun.

Tilfærsluáætlun er skrifleg greinargerð um náms- og félagslega stöðu nemenda á starfsbrautum. Áætlunin er í vinnslu á meðan á námstíma stendur og miðar að því að tilfærsla nemandans frá skóla til næsta stigs gangi sem greiðlegast.

3. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að nemendur:

- hafi jöfn tækifæri til náms án aðgreiningar, eftir því sem við verður komið, þannig að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir,
- fái fjölbreytt námstilboð, kennslu og stuðning við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi og í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu,
- geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu og verið félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra,
- séu undirbúnir með viðeigandi hætti til að lifa sjálfstæðu lífi, þátttöku í atvinnulífi og til frekara náms,
- hafi jöfn tækifæri í framhaldsskólum í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

II. KAFLI

Skyldur framhaldsskóla og réttindi nemenda.

4. gr.

Skyldur framhaldsskóla.

Framhaldsskólum er skylt að sjá til þess að framhaldsskólanemendur fái kennslu og sérstakan stuðning í námi í samræmi við metnar sérþarfir þeirra og eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

5. gr.

Réttindi nemenda.

Nemendur í framhaldsskólum eiga rétt á:

- að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis,
- að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur miðað við aldur þeirra og þroska í samráði við einstaklingana eftir því sem við verður komið, sbr. samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun,
- að fá sérfræðilega aðstoð og viðeigandi búnað eftir því sem þörf krefur,
- að veitt sé skimun og greining á leshömlun ásamt eftirfylgni og stuðningi í námi eftir því sem þörf krefur,
- aðgangi að viðeigandi samskiptamáta, s.s. táknmáli og punktalettri, auk nauðsynlegs tækjabúnaðar, sérsniðnum námsgögnum eftir því sem við á, aðstöðu og kennslu til að stuðla að sem bestri menntun, sjálfsstyrkingu og félagsþroska.

6. gr.

Réttur til kennslu í íslensku táknmáli og íslensku punktalettri.

Nemendur sem hafa þörf fyrir táknmál skulu eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál í framhaldsskólum, samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Heyrnarskertir, heyrnarlausir og daufblindir nemendur eiga rétt á kennslu við hæfi í íslensku táknmáli sem fyrsta máli.

Nemendur sem hafa þörf fyrir punktaletur skulu eiga þess kost að læra og nota íslenskt punktaletur í framhaldsskólum, samkvæmt lögum nr. 61/2011.

Nemendur sem hafa þörf fyrir punktaletur vegna skerðingar á sjón eiga rétt á kennslu við hæfi í íslensku punktalettri sem fyrsta ritmáli.

Framhaldsskóla er heimilt að meta íslenskt táknmál og íslenskt punktaletur til eininga í frjálsum vali eða til eininga í stað erlends tungumáls.

III. KAFLI

Þörf fyrir sérstakan stuðning.

7. gr.

Ábyrgð skólameistara framhaldsskóla.

Skólameistari í framhaldsskóla ber ábyrgð á innritun nemenda og skal hlutast til um að nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda fái þann stuðning. Skólameistari hefur forgöngu um að skipuleggja stuðning í námi fyrir nemendur sem hefja nám í framhaldsskóla og hafa sérþarfir, samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum sem skólinn hefur fengið í tengslum við innritun nemandans.

Skólameistari ber ábyrgð á að gerð sé grein fyrir með hvaða hætti stuðningur, ráðgjöf og þjónusta við nemendur, foreldrasamstarf og samstarf við utanaðkomandi aðila er skipulagt, í skólanámskrá skólans.

8. gr.

Ábyrgð og réttur foreldra vegna upplýsinga.

Foreldrar bera ábyrgð á því að veita framhaldsskóla allar nauðsynlegar upplýsingar um sérþarfir ólögráða barna þeirra. Slík upplýsingagjöf liggur til grundvallar mati á þörf fyrir stuðning í námi og er forsenda þess að framhaldsskóli geti veitt viðeigandi þjónustu.

Allar upplýsingar er varða framhaldsskólagöngu nemenda skulu vera aðgengilegar foreldrum ólögráða barna þeirra. Framhaldsskólar skulu koma á framfæri upplýsingum til foreldra ef um misbrest er að ræða í skólagöngu ólögráða barna þeirra, s.s. vegna fjarveru, námsgengis, veikinda eða því um líku og kosta kapps um að leysa mál með nemandi og foreldrum. Einnig skulu foreldrar koma á framfæri upplýsingum til framhaldsskóla um breytingar á högum og aðstæðum barna þeirra sem kunna að skipta máli fyrir námsframvindu, ástundun, líðan og hegðun nemenda.

IV. KAFLI

Fyrirkomulag kennslu og skipan stuðnings í námi nemenda með sérþarfir.

9. gr.

Stuðningur í námi.

Við ákvörðun kennslufyrirkomulags og skipulagningu stuðnings í námi einstakra nemenda eða nemendahópa skal miða við að stuðningur fari fram innan almennra námshópa.

Stuðningur við nemendur eða nemendahópa felst í sveigjanlegum og margbreytilegum kennsluháttum sem ætlað er að mæta þörfum allra nemenda.

Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna úrræða fyrir ólögráða nemendur á vegum barnaverndaryfirvalda skal í því ljósi ákveða hvernig stuðningi verði háttáð.

10. gr.

Áætlun um stuðning í námi.

Í framhaldsskólum skal árlega vinna áætlun um stuðning í námi og kennslu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda. Skal sérstaklega hugað að móttöku og skipulagi stuðnings við nemendur yngri en 18 ára svo tryggja megi rétt þeirra til þess náms sem stjórnvöldum er skylt að bjóða upp á skv. 1. mgr. 32. gr. laga um framhaldsskóla.

Áætlunin skal taka til heildarskipulags náms og stuðnings við nemendur með sérþarfir og skal grundvölluð á upplýsingum um heildaraðstæður nemenda og mati á stöðu þeirra í námi úr grunnskóla.

Ennfremur skal áætlunin taka mið af tilfærsluáætlun fatlaðra nemenda í grunnskóla sem hyggjast stunda nám í viðkomandi framhaldsskóla, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Skólameistari ber ábyrgð á að áætlunin sé samin og felur fagaðila það verkefni í samvinnu við stöðþjónustu innan skólans.

Í markmiðakafla skólasamninga milli ráðuneytis og framhaldsskóla sem ráðuneytið gerir samninga við skal tilgreina þau markmið sem skólinn setur sér um stuðning við nemendur með sérþarfir.

Áætlunin er hluti af skólanámskrá og skal vera birt opinberlega.

11. gr.

Sérstakur stuðningur í námi.

Nemendur með sérþarfir, s.s. þeir sem eiga við námslega, tilfinningalega eða félagslega örðugleika að stríða og/eða eru langveikir, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í framhaldsskóla.

Samfella skal vera í þjónustu við nemendur sem hafa notið stuðnings á fyrri skólastigum og/eða fengið undanþágu frá ákveðnum námsgreinum í grunnskóla og æskilegt er að þjónustan sé samfelld til loka framhaldsskóla. Þess skal sérstaklega gætt að samfella sé í þeirri þjónustu að 18 ára aldri, sbr. g. lið 3. gr. reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Sérstakur stuðningur getur falið í sér sveigjanlegt námsumhverfi, sérsniðin námsgögn og sérhæft námsmat. Stuðningurinn er skipulagður til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans.

Reglulega skal endurskoða skipan stuðnings í samstarfi við foreldra ólögráða nemanda að höfðu samráði við hann. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi við foreldra allt til loka framhaldsskólagöngu.

Ef um undanþágur frá námsframvindu eða námsmati er að ræða skal gera grein fyrir því á prófskírteini nemanda.

Framhaldsskóli gerir grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að stuðningi við nemendur með sérþarfir, þar með talið skimun og greiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni við nemendur sem þessi reglugerð tekur til.

V. KAFLI

Námsbrautir fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum.

12. gr.

Skipulag þjónustunnar.

Ráðherra getur í samningi við framhaldsskóla heimilað rekstur sérstakra námsbrauta, starfsbrauta, fyrir fatlaða nemendur sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks.

Um starfsbrautir fer skv. reglum um skipulag námsbrauta sem birtar eru í aðalnámskrá framhaldsskóla.

Í námsbrautarlýsingu skal m.a. kveðið á um innihald og vægi áfanga í einstökum greinum, vægi námsþátta, lokamarkmið náms og mögulega tilfærslu nemenda af starfsbrautum á aðrar brautir framhaldsskólans þar sem við á.

Um staðfestingu námsbrauta/starfsbrauta fer skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.

13. gr.

Einstaklingsbundin tilfærsluáætlun.

Þegar fatlaður nemandi sem stundað hefur nám á starfsbraut útskrifast úr framhaldsskóla skal honum fylgja einstaklingsbundin tilfærsluáætlun þar sem gerð er skrifleg grein fyrir náms- og félagslegri stöðu hans, auk brautskráningarskírteinis.

Markmiðið með áætluninni er að skráðar séu nauðsynlegar upplýsingar sem skipta máli þegar kemur að námi að loknum framhaldsskóla, starfsþátttöku og sjálfstæðu lífi nemandans.

Í áætluninni skal skrá upplýsingar um framvindu í námi og starfsþjálfun, framtíðaráform viðkomandi nemanda, aðstæður, áhuga, óskir og hæfni nemandans. Í áætluninni þarf einnig að koma fram hvernig eftirfylgni við nemandann þarf að vera háttað í framhaldi af skólagöngu hans í samstarfi við viðeigandi aðila.

Nemandi og foreldrar hans skulu taka þátt í gerð áætlunarinnar eftir því sem við á. Mikilvægt er að áætlunin sé í stöðugri endurskoðun á námstímanum og taki mið af námsframvindu og aðstæðum nemandans.

Ráðuneytið lætur framhaldsskólum í té viðmið um gerð tilfærsluáætlana fyrir nemendur á starfsbrautum.

14. gr.

Kjarnaskólar.

Ráðherra getur gert framhaldsskóla að kjarnaskóla um leiðbeiningar og kennsluráðgjöf við aðra framhaldsskóla vegna nemenda með sérþarfir, sbr. 29. gr., um kjarnaskóla, í lögum um framhaldsskóla.

VI. KAFLI

Innritun fatlaðra nemenda á starfsbrautir í framhaldsskólum.

15. gr.

Umsóknarferli og innritun á starfsbrautir.

Umsóknum fatlaðra nemenda á starfsbrautir í framhaldsskólum er skilað rafrænt í innritunarkerfi framhaldsskóla. Foreldrar bera ábyrgð á að umsókn fylgi nauðsynlegar upplýsingar úr grunnskóla. Óski framhaldsskólar eftir frekari gögnum um nemendur geta þeir kallað eftir þeim. Við meðferð og öflun persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipuleggur innritun fatlaðra nemenda og auglýsir fyrirkomulag hennar.

Innritun fatlaðra nemenda á starfsbrautir í framhaldsskóla fer fram fyrr en almenn innritun. Markmiðið er að gefinn verði nægur tími til aðlögunar og skipulags þjónustu við nemandann. Tekið skal tillit til aðstæðna nemanda og heildarhagsmuna hans og þess gætt að hann eigi þess kost að tjá sig um þá ákvörðun sem tekin verður um framhaldsskólavist hans eftir því sem aðstæður leyfa.

Við móttöku fatlaðra nemenda á starfsbrautir í framhaldsskólum skal taka mið af einstaklingsbundinni tilfærsluáætlun sbr. 17. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

16. gr.

Ágreiningur um skólavist.

Innritun nemenda er á ábyrgð skólameistara. Verði ágreiningur um skólavist nemanda á starfsbraut í framhaldsskóla skal gæta ákvæða stjórnarsýslulaga. Skal ákvörðun um skólavist tekin með hliðsjón af álitum sérfræðinga og foreldra og með heildarhagsmunum nemandans að leiðarljósi. Synji skólameistari umsókn á umsækjandi rétt á rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun. Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er.

Synjun skólameistara um skólavist sætir kærnu til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 26. gr. stjórnarsýslulaga.

VII. KAFLI

Langveikir nemendur.

17. gr.

Sérstök þjónusta vegna langveikra nemenda.

Nemendur sem eiga við langvarandi veikindi að stríða, s.s. líkamleg veikindi, þunglyndi og kvíðaröskun eiga rétt á sveigjanleika varðandi námsmat, námsframvindu, prófareglur og skólasókn.

Við mat á þörf nemanda fyrir sveigjanleika, utan hefðbundins fyrirkomulags skólastarfs, skal liggja fyrir vottorð frá lækni, sálfræðingi og/eða öðrum þar til bærum sérfræðingi sem staðfestir að um langvarandi veikindi sé að ræða. Stöðþjónusta framhaldsskóla heldur utan um slík málefni nemenda og metur þörf fyrir sveigjanleika í samráði við foreldra eftir atvikum, umsjónarkennara, kennara og aðra aðila innan skólans eða utan sem koma að þjónustu við nemendur.

Gerð er áætlun um framvindu náms, mörk sveigjanleika á skólasókn, sérstaka aðstoð eða tilhliðrun vegna próftöku og námsmats og er áætlunin endurskoðuð svo oft sem þurfa þykir út frá líðan nemanda og í samráði við þann sérfræðing sem gaf út vottorðið.

Framhaldsskóli skráir undanþágur frá námsframvindu eða námsmati á prófskírteini nemanda skv. reglum í aðalnámskrá framhaldsskóla.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 34. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 372/1998 um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 14. febrúar 2012.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. mars 2012

Ásta Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku.

Nr. 654 2. júlí 2009

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi kveður á um rétt nemenda í framhaldsskólum, sem hafa annað móðurmál en íslensku, eða hafa dvalist langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í íslensku, til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Í reglugerð þessari er jafnframt kveðið á um tilhögun námsins og um námsmat.

2. gr.

Markmið.

Nám samkvæmt reglugerð þessari skal miða að því að nemendur verði færir um að skilja og nota íslenskt mál, stunda nám í framhaldsskóla og taka virkan þátt í íslensku samfélagi.

3. gr.

Móttökuáætlun skóla.

Framhaldsskólar skulu setja sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Áætlunin skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni, færni á öðrum námssviðum og af þeirri kennslu og stuðningi sem veitt er.

Í móttökuáætlun felst m.a. að:

- a. unnið sé í nánu samstarfi við þann grunnskóla hér á landi sem nemandi kemur frá, sé um slíkt að ræða,
- b. skóli safni upplýsingum um bakgrunn nemenda og aðstæður foreldra, til að geta mætt einstaklingsbundnum þörfum þeirra sem best,
- c. gerð sé einstaklingsnámskrá sem taki mið af bakgrunni og málsvæði nemenda, tungumálafærni, kunnáttu og hæfni á öðrum námssviðum,
- d. skipuleggja samráð milli starfsfólks og sérfræðinga innan skólans um málefni nemenda,
- e. nemendum sé tryggður aðgangur að náms- og starfsráðgjöf skólans,
- f. styrkja félagsleg tengsl og gagnkvæma félagslega aðlögun milli erlendra nemenda og íslenskra til að rjúfa félagslega einangrun, sé hún til staðar,
- g. í upplýsingagjöf til nemenda og foreldra sé gerð grein fyrir helstu starfsháttum skóla, þjónustu, samstarfi og reglum,
- h. tryggja að upplýsingar um annan stuðning séu fyrir hendi, s.s. um heimanám og aðra aðstoð, túlkþjónustu, samstarf við heimilin, foreldraviðtöl og -fundi, þjónustu í hverfi og nærsamfélagi og samstarf við stofnanir utan skóla,
- i. tryggja upplýsingagjöf til nemenda og foreldra um starfsemi skólans utan lögbundinnar kennslu, s.s. um félags- og tómsundastarf og íþróttá- og æskulýðsstarf.

Gera skal grein fyrir móttökuáætlun í skólanámskrá.

Móttökuáætlun skal vera aðgengileg nemendum og foreldrum, t.d. á vef skóla.

4. gr.

Skipulag og framkvæmd kennslu.

Framhaldsskóli skal bjóða upp á sérstakt nám í íslensku sem öðru tungumáli fyrir þá nemendur sem hafa annað móðurmál eða litla kunnáttu í íslensku. Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægjanlegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við um nemendur af íslenskum og erlendum uppruna.

Íslenska sem annað tungumál felur í sér þjálfun í íslensku og virka þátttöku í íslenskrri menningu, menningarferni, viðhald læsis og þekkingu í öllum námsgreinum. Viðfangsefni íslenskukennslunnar eru samræmd og samhæfð öllum námsgreinum og leitast skal við að þróa námsaðferðir og námstækni til að mæta þörfum nemenda. Miða skal við að námið treysti kunnáttu nemenda og efli skilning þeirra á hugtökum í námsgreinum til undirbúnings frekara námi í framhaldsskóla. Birta skal í skólanámskrá lýsingu á áföngum sem í boði eru í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

5. gr.

Móðurmál nemenda.

Framhaldsskóla er heimilt að meta móðurmál nemenda til eininga í frjálsum vali eða til eininga í stað annars erlends tungumáls.

Miða skal við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein, óski þeir þess.

Framhaldsskóli getur boðið upp á slíkt nám í staðnámi eða fjarnámi eða metið nám sem stundað er annars staðar. Viðkomandi framhaldsskóli þarf þá að veita samþykki fyrir náminu óski nemandi eftir að fá slíkt nám metið til eininga. Framhaldsskóli er ekki ábyrgur fyrir náminu en getur verið tengiliður, t.d. við gagnasöfn, bókasöfn, félög og annað það sem veitir nemendum aðgang að kennslu í eigin móðurmáli.

6. gr.

Gildistími.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 35. gr. laga, nr. 92/2008 um framhaldsskóla, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 329/1997 um sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum.

Menntamálaráðuneytinu, 2. júlí 2009.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 24. júlí 2009

Baldur Guðlaugsson.

**REGLUGERÐ
um mat og eftirlit í framhaldsskólum.**

Nr. 700 24. ágúst 2010

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til innra og ytra mats í framhaldsskólum, bæði opinberum framhaldsskólum og þeim sem reknir eru af öðrum aðilum.

2. gr.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi er að:

1. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla,
2. tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum,
3. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
4. auka gæði skólastarfs, stuðla að umbótum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi.

3. gr.

Innra mat framhaldsskóla.

Hver framhaldsskóli skal með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólastarfsins. Virkt innra mat skal samofið annarri starfsemi skóla og skal skapa forsendur fyrir markvissu mati á árangri og leiðum að markmiðum skóla. Innra mat skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Það skal stuðla að aukinni vitund um mikilvægi gæða í öllu starfi.

Tryggja skal virka þátttöku starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs í innra mati, eftir því sem við á. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni.

Framhaldsskólar skulu birta opinberlega og á aðgengilegan hátt, á heimasíðu sinni eða með öðrum hætti, upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og umbótaáætlun. Einnig skal gera grein fyrir tengslum matsins við skólanámskrá og stefnu skólans.

Nánari viðmið um innra mat eru sett í aðalnámskrá framhaldsskóla.

4. gr.

Eftirlit og ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti annast reglubundið eftirlit og ytra mat á gæðum skólastarfs í framhaldsskólum. Eftirlitið og matið fara fram með öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald, úttektum, könnunum og rannsóknum.

Ytra mat getur náð til einstakra framhaldsskóla, nokkurra framhaldsskóla í senn, framhaldsskóla í heild, skilgreindra þátta í starfsemi framhaldsskóla, þ.m.t. aðferða við innra mat. Skulu framhaldsskólar veita þá aðstoð og þau gögn sem matið útheimtir. Skýrslur um ytra mat skulu birtar opinberlega á vefsíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Eftir að ytra mat liggur fyrir skal framhaldsskóli innan tiltekins tímafrests gera mennta- og menningarmálaráðuneyti grein fyrir með hvaða hætti brugðist verður við niðurstöðum matsins. Til þess að mat leiði til umbóta í starfi skóla skal mennta- og menningarmálaráðuneyti, eftir því sem aðstæður leyfa, veita framhaldsskólum stuðning, fræðslu og ráðgjöf í kjölfar ytra mats.

Mennta- og menningarmálaráðherra setur fram áætlun til þriggja ára í senn um ytra mat á framhaldsskólum. Áætlunin skal birt á heimasíðu ráðuneytisins. Í áætluninni skulu koma fram fyrirhugaðar úttektir og kannanir, svo og eftirfylgni eftir því sem kostur er. Úttekt á framhaldsskóla eða á tiltekinni starfsemi framhaldsskóla skal gerð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Við hverja úttekt skal ráðuneytið gera grein fyrir tilgangi úttektar, úttektaraðferð, helstu viðmiðum og áherslum. Ráðuneytið fær óháða sérfræðinga með menntun og/eða reynslu á sviði menntamála til að sjá um framkvæmd úttekta í samræmi við verklagsreglur ráðuneytisins.

Ytra mat samkvæmt reglugerð þessari nær eingöngu til framhaldsskóla sem njóta fjárveitinga í fjárlögum og gerður hefur verið samningur við skv. 44. gr. laga nr. 92/2008.

Nánari viðmið um ytra mat eru sett í aðalnámskrá framhaldsskóla.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 24. ágúst 2010.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 9. september 2010

Ásta Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Nr. 242 27. febrúar 2009

1. gr.

Hlutverk.

Menntamálaráðherra veitir árlega fé úr Sprotasjóði. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. **Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólasterfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum.**

Ráðherra getur falið stofnun eða þar til bærum aðila að annast einstök verkefni við undirbúning styrkveitinga, svo sem auglýsingar, móttöku og skráningu umsókna og að veita upplýsingar og leiðbeiningar til umsækjenda.

2. gr.

Stjórn.

Ráðherra skipar Sprotasjóði fimm manna ráðgefandi stjórn til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Skal einn stjórnarmanna vera tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn Sprotasjóðs gerir tillögu til ráðherra um hvernig skuli ráðstafa fjárveitingu hans til styrkþega, sbr. 6. gr. að teknu tilliti til kostnaðar skv. 3. mgr. Undirbúningi tillagna sjóðstjórnar skal haga í samræmi við málsmeðferðarreglur stjórnáskráningu nr. 37/1993.

Stjórn Sprotasjóðs gerir tillögu um einstök áherslusvið sem skulu hafa forgang hverju sinni. Sjóðstjórn getur leitað álits sérfróðra aðila við yfirferð umsókna og undirbúning tillagna um úthlutun úr sjóðnum.

Kostnaður við umsýslu, mat á umsóknum og við störf stjórnar og rekstraraðila skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins.

4. gr.

Auglýsing styrkumsókna.

Menntamálaráðuneyti skal árlega auglýsa styrki til þróunarverkefna. Leikskólastjórar, skólastjórar eða skólameistarar fyrir hönd skóla, kennarahópa eða einstakra kennara geta sent inn umsókn. Aðrir aðilar en skólar geta sótt um þróunarverkefni í samstarfi við skóla. Í þeim tilfellum skal staðfesting á þátttöku skóla fylgja umsókn.

Auglýsingu skal birta a.m.k. í einu dagblaði sem gefið er út á landsvísu og á vef ráðuneytisins. Í auglýsingu skulu koma fram greinargóðar upplýsingar um tilgang og hlutverk sjóðsins, helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, um eyðublöð fyrir umsóknir, hvar þau sé að finna, hvert eigi að senda umsóknir og hvenær þær skulu hafa borist ásamt upplýsingum um þá fjárhæð sem sjóðurinn hefur til úthlutunar.

5. gr.

Umsóknir.

Umsóknir um styrki úr sjóðnum skulu berast ráðuneytinu eða þeim aðila sem falin hefur verið umsjón sjóðsins, sbr. 2. mgr. 1. gr., með rafrænum hætti. Í umsókn skal eftirtalið koma fram:

- a. upplýsingar um nafn viðkomandi skóla og skólastjóra/skólameistara, nafn verkefnisstjóra, annarra þátttakenda og samstarfsaðila ef einhverjir eru,
- b. upplýsingar um menntun og fræðilegan bakgrunn verkefnisstjóra og upplýsingar um fyrri verk á sviði þróunarstarfa,
- c. tilgangur þróunarstarfsins innan skólans,
- d. hnitmiðuð lýsing á verkefninu, markmiðum þess og þýðingu,
- e. tímaáætlun og lýsing á aðstöðu þátttakenda til að vinna verkefnið,
- f. hvernig staðið verði að stjórnun verkefnisins, miðlun og mati,
- g. upplýsingar um nýnæmi og gildi verkefnis og stöðu þekkingar á viðfangsefninu, þar á meðal, hvers er vænst að verkefnið muni bæta við þá þekkingu,
- h. verkáætlun, lýsing á aðferðafræði, áfangaskiptingu og helstu verkþáttum,
- i. greinargóðar upplýsingar um áætlaðan kostnað við verkefnið,

- j. upplýsingar um hvort sótt hafi verið um aðra styrki fyrir verkefnið eða það hlotið aðra styrki.

Styrkjum úr Sprotasjóði skal úthluta á grundvelli umsókna er berast innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í auglýsingu, sbr. 4. gr.

6. gr.

Mat á umsóknum.

Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- gildi og mikilvægi verkefnis með tilliti til hlutverks Sprotasjóðs,
- verkefni feli í sér þróunarstarf innan skóla, samstarf milli skóla eða skólastiga,
- verkefnið falli að þeim áherslum eða áherslusviðum er fram koma í auglýsingu,
- líkum á því að umsækjanda/umsækjendum takist að ná þeim markmiðum er verkefnið miðar að,
- starfsferli og faglegum eða fræðilegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda m.t.t. þeirra krafna sem verkefnið gerir til þeirra.

7. gr.

Tilkynning um afgreiðslu umsóknar.

Sjóðstjórn tilkynnir umsækjendum um afgreiðslu umsókna þeirra og gengur frá skilmálum við hvern styrkþega.

Upplýsingar um styrkveitingar skulu birtar á vef menntamálaráðuneytis.

8. gr.

Eftirlit með framkvæmd verkefna.

Styrkþegar skulu eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok verkefnis senda sjóðstjórn skilagrein þar sem gerð er grein fyrir hvernig styrkurinn var notaður og hvernig afraksturinn verði kynntur. Menntamálaráðuneyti birtir á vefsíðu sinni skilagreinar vegna einstakra verkefna.

Heimilt er að krefja styrkþega um endurgreiðslu styrks, að hluta eða öllu leyti, ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var eða skilagrein hefur ekki borist innan eðlilegra tímamarka.

Ef ekki hefur borist fullnægjandi skilagrein vegna fyrri verkefna er heimilt að hafna nýrri umsókn.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 15. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla, 34. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 53. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 27. febrúar 2009.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 2. mars 2009

Halldór Arnason.

REGLUGERÐ

um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólahald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur.

Nr. 235 7. febrúar 2012

1. gr.

Gildissvið.

Mennta- og menningarmálaráðherra fer með yfirstjórn málefna framhaldsskóla og ber ábyrgð á söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga um skólastarf til Alþingis, stofnana innanlands og utan og almennings.

Reglugerð þessi tekur til skyldu opinberra framhaldsskóla og annarra framhaldsskóla sem hlotið hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að veita ráðuneytinu þær upplýsingar um skólastarf og skólahald sem það telur nauðsynlegt vegna eftirlits með skólastarfi í framhaldsskólum. Reglugerðin tekur jafnframt til kerfisbundinnar skráningar skóla á upplýsingum um nemendur og meðferð persónuupplýsinga.

2. gr.

Upplýsingaskylda framhaldsskóla.

Framhaldsskólum ber skylda til að varðveita upplýsingar um nám nemenda og veita nemendum aðgang að þeim. Framhaldsskólum er skylt að veita mennta- og menningarmálaráðuneyti tvisvar á ári, einu sinni á vorönn og einu sinni á haustönn, eða oftár sé þess krafist, upplýsingar sem nánar er kveðið á um í 3. gr.

Upplýsingarnar skulu veittar á stöðluðu rafrænu formi nema annað sé tekið fram.

3. gr.

Öflun upplýsinga.

Þær upplýsingar frá framhaldsskólum sem hér um ræðir eru annars vegar tölulegar upplýsingar sem Hagstofa Íslands aflar árlega fyrir hönd ráðuneytisins og hins vegar upplýsingar sem mennta- og menningarmálaráðuneyti aflar vegna eftirlitsskyldu sinnar, fyrirspurnna frá Alþingi og erlendra samvinnu.

Framhaldsskólar skulu m.a. gera grein fyrir eftirtöldum þáttum um framkvæmd skólahalds:

Nemendur: Fjöldi nemenda í framhaldsskólum, aldur þeirra, kyn, búseta, ríkisfang, móðurmál og dreifing á námsbrautir og skóla.

Námsferill og árangur: Námsframvinda, brottfall, námsmat, þ.m.t. niðurstöður viðmiðunarprófa, skólasókn, brautskráningar. Námsferilsupplýsingar taka til nemenda sem hafa verið skráðir í nemendakerfi viðkomandi skóla frá umsókn og þar til þeir hætta námi með útskrift, brottfalli úr námi eða flutning í annan skóla. Undir þetta falla allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta umsókn viðkomandi, framvindu náms, þ.m.t. áfangar, einkunnir, viðvera, nám metið annars staðar frá, úrsagnir og upplýsingar um námsbraut(ir) viðkomandi og loks almennar persónuupplýsingar svo sem nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer.

Starfsfólk: Fjöldi, aldur, kyn, starfsheiti, menntun, stöðuhlutfall og starfsaldur.

Innra starf skóla: Námsgreinar, kennslumagn, námsbrautir, starfstími, sérkennsla, skólanámskrá, gæðakerfi og matsgögn.

Aðstaða: Húsa- og tækjakostur.

Fjármál: Kennslukostnaður, rekstrarkostnaður og sértekjur.

4. gr.

Skráning, meðferð og varsla persónuupplýsinga.

Með persónuupplýsingum er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.

Við skráningu, meðferð og vörslu persónuupplýsinga skal þess gætt að uppfylltar séu þær kröfur sem gerðar eru til ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, og laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985.

5. gr.

Ábyrgð á vinnslu og öryggi persónuupplýsinga.

Hver framhaldsskóli er ábyrgðaraðili í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Skólameistari ber ábyrgð á meðferð og vörslu upplýsinga og að skólinn uppfylli lagalegar kröfur sem gerðar eru til ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985.

Sé rafrænni tækni beitt við vinnslu persónuupplýsinga innan skóla skulu framhaldsskólar tryggja að vinnslan uppfylli kröfur Persónuverndar hvað varðar heimild til vinnslunnar, sbr. 8. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um öryggi upplýsinganna, sbr. 11. gr. laganna og reglna um öryggi persónuupplýsinga, nr. 299/2001, að tilkynnt sé til Persónuverndar á þar til gerðu formi, geri lög ráð fyrir slíkri skyldu, sbr. reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, nr. 712/2008. Slík tilkynningarskylda er m.a. til staðar ef vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga fer fram í skólanum. Ákveði Persónuvernd að vinnsla skuli vera leyfisskyld skulu skólar aðstoða Persónuvernd við athugun á skólanum og afla sérstakrar heimildar fyrir vinnslunni.

Hver framhaldsskóli ber ábyrgð á varðveislu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur sína og skal sjá til þess að upplýsingar komist ekki í hendur óviðkomandi aðila. Skólar skulu hafa

öryggiskerfi sem tryggir vernd persónuupplýsinga og sjá til þess að innra eftirlit sé viðhaft með vinnslu þeirra. Við undirbúning öryggiskerfis skal gerð skrifleg öryggisstefna, skriflegt áhættumat og loks öryggisráðstafanir sem skulu ná til skipulags- og tæknilegra atriða, ytra öryggis og starfsmannamála. Skólar skulu veita ráðuneytinu upplýsingar um það hvernig öryggismálum er háttað samkvæmt þessari grein, sé eftir því leitað.

6. gr.

Viðkvæmar persónuupplýsingar.

Viðkvæmar persónuupplýsingar, t.d. upplýsingar um heilsuhagi eða lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, sbr. 8. tl. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, skulu geymdar í persónumöppum og varðveittar í læstum hirslum og/eða dulritaðar með fullnægjandi hætti.

Sama gildir um persónuupplýsingar um nemanda, sem lúta að hvers konar upplýsingum um greiningar og/eða sérúrræði.

7. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Sérfræðingar og þeir starfsmenn skóla eða stofnunar sem sinna viðkomandi nemanda hafa aðgang að upplýsingum um nemandann í samræmi við starfsreglur viðkomandi skóla.

Óheimilt er, nema lög eða reglur kveði á um annað, að veita upplýsingar um einstaka nemendur, öðrum en þeim sjálfum og forsjárforeldrum þeirra, sé nemandi yngri en 18 ára, eða fósturforeldrum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Um rétt forsjárlaus foreldris til aðgangs að upplýsingum um barn sitt upp að 18 ára aldri fer samkvæmt ákvæðum barnalaga nr. 76/2003. Um rétt nemenda til aðgangs að eigin upplýsingum fer samkvæmt ákvæðum 38. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að veita öðrum skólum upplýsingar um einstaka nemendur vegna flutnings þeirra milli skóla eða vegna þess að þeir stunda nám við fleiri en einn skóla eða fræðslustofnun. Einnig er heimilt að veita fræðslufirvöldum slíkar upplýsingar í skýrt afmörkuðum tilgangi. Sé um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða skulu þær þó ekki afhentar nema með upplýstu samþykki forsjárforeldra eða lögráða nemanda.

Persónuupplýsingar skulu afhentar á öruggan hátt þannig að fyllsta trúnaðar sé gætt.

8. gr.

Varðveisla og eyðing upplýsinga.

Framhaldsskólum er skylt að varðveita upplýsingar um nám nemenda og prófskírteini með tryggunn hætti þar til þeim ber að standa skil á þeim upplýsingum samkvæmt ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

Um varðveislu og eyðingu annarra gagna skal gætt ákvæða laga um Þjóðskjalasafn Íslands og fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

Gögn skal varðveita á frumriti í framhaldsskólunum nema annað eigi sérstaklega við.

9. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða.

Um upplýsingarétt hins skráða fer samkvæmt ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Ágreiningu um upplýsingarétt hins skráða samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er heimilt að beina til úrlausnar Persónuverndar.

10. gr.

Almenn upplýsingaskylda framhaldsskóla.

Framhaldsskólum er skylt samkvæmt upplýsingalögum nr. 50/1996 að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða tiltekna þætti skólalags þó með þeim takmörkunum sem löggin kveða á um. Þeir sem þess óska geta þannig fengið að sjá eintök af prófverkefnum þeirra prófa sem búið er að halda.

Rísi ágreiningur um aðgang að gögnum á grundvelli upplýsingalaga er heimilt að beina honum til úrlausnar úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

11. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 55. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 7. febrúar 2012.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. mars 2012

Ásta Magnúsdóttir.

3. Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011⁷

Aðalnámskrá framhaldsskóla kveður á um markmið og fyrirkomulag skólstarfs á framhaldsskólastigi.

Fyrstu þrjú kaflar aðalnámskrárinnar eru sameiginlegir fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þeir eru:

1. Hlutverk aðalnámskrár

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008). Aðalnámskrá er rammi um skólstarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum.

Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum, skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Segja má að aðalnámskrá sé samningur þjóðarinnar við sjálfa sig um menntamál.

Hlutverk aðalnámskrár er margþætt:

- Aðalnámskrá birtir menntastefnu stjórnvalda, námsframboð og námskröfur og ber skólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu skólstarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja börnum og ungmennum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu.
- Aðalnámskrá er helsta stjórnþætti fræðsluyfirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu skólstarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólstarfs.
- Aðalnámskrá markar starfsramma stjórnenda, kennara og starfsfólks einstakra skóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólstarfi sem þeim er skylt að útfæra, m.a. í skólanámskrá.
- Aðalnámskrá veitir nemendum og forráðamönnum þeirra upplýsingar um gæðakerfi og helstu viðmið sem starfsemi skóla byggist á. Hún er grundvöllur mats á skólstarfi og námsmats í skólum. Námskráin er ætlað að veita kennurum, nemendum og foreldrum þeirra, upplýsingar um menntun barna og ungmenna á hverju skólastigi. Námskráin er einnig til hliðsjónar fyrir þá sem annast menntun kennara og annars starfsfólks skóla svo og þá sem vinna við gerð námsgagna, stunda rannsóknir og annast úttektir á skólstarfi.

1.1 Sameiginlegur hluti aðalnámskrár

Ýmsir þættir sem fjallað er um í aðalnámskrá eru sameiginlegir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Kaflar 1–3 eru sameiginlegir í námskrám skólastiganna þriggja en þar er fjallað um stefnumið menntakerfisins, um almenna menntun og markmið skólakerfisins, um grunnþætti menntunar og um mat á skólstarfi. Lögð er áhersla á sveigjanleika og samfellu í skólakerfinu, bæði í inntaki og starfsháttum. Jafnframt er lögð áhersla á skólaþróun og sameiginlega þætti í fagmennsku kennara á öllum skólastigum.

⁷ <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/>

Í almennum hluta aðalnámskráa leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er lýst hlutverki hvers skólastigs og sérstakri áherslu í námi og kennslu á hverju þeirra; markmiðum, viðfangsefnum og starfsháttum. Í skólanámskrám sem gefnar eru út í einstökum skólum er stefna aðalnámskrár útfærð í samræmi við stefnu á hverjum stað, nemendahóp, faglega áherslu og sérkenni í hverju tilviki.

1.2 Hlutverk skóla

Skólar eru menntastofnanir og hlutverk þeirra er skilgreint í löggjöf um menntun. Skólar landsins mynda samstæða heild, skólakerfi, sem tryggja skal samræmi og samhengi í menntun frá leikskólum til háskóla og fullorðinsfræðslu. Lögð er áhersla á heildstæða menntastefnu en skýr skil á milli skólastiga þannig að nemendur geti flust eðlilega á milli leikskóla og grunnskóla og á milli grunnskóla og framhaldsskóla í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska. Einnig skulu nemendur eiga þess kost að stunda nám á tveimur skólastigum samtímis henti það námi þeirra. Á hverju skólastigi er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Meginhlutverk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er að stuðla að almennri menntun þegnanna. Skólarnir skulu leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og ungmenna. Skólastarfið miðar að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan.

Inntak og viðfangsefni skólastarfsins er sett fram í námssviðum, námsgreinum eða námsáföngum. Rétt er að hafa í huga að námssvið, námsgreinar og námsáfangar eru ekki markmið í sjálfu sér heldur hjálpartæki til að stuðla að merkingarbæru námi og ná markmiðum skólastarfsins. Í aðalnámskrám skólastiganna eru því skilgreind markmið í samræmi við sérkenni hvers skólastigs, aldur og þroska barna og ungmenna.

Í skipulagi og viðfangsefnum skólastarfsins og í starfsháttum skólanna skal lögð rækt við námsumhverfi og samskipti sem stuðla að almennri menntun. Almenn menntun er grundvöllur starfsmenntunar og annarrar sértækrar menntunar. Nám og menntun á sér stað víðar en í skólum. Menntun er ævilangt ferli. Mikilvægt er að skólarnir styðji við námshvöt nemenda sinna, rækti námsgleði og vinnuanda og stuðli þannig að menntun þeirra.

Starfshættir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og samskipti barna og ungmenna innbyrðis og við kennara sína eru ekki síður en viðfangsefni kennslustunda mikilvæg til að ná markmiðum skólanna og stuðla að velferð, námi og menntun. Starfshættir skólanna skulu mótast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.

1.3 Fagmennska kennara

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi. Kennarastéttin spannar mörg hlutverk í skólakerfinu, s.s. kennslu, stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknir og þróunarstörf. Þannig teljast t.d. skólastjórnendur, sérkennarar og námsráðgjafar til kennarastéttarinnar. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum.

Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Markviss samskipti og góð kennsla stuðlar að námi og aukinni hæfni barna og ungmenna. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennarar leiðbeina börnum og ungmönnum í námi og mati á því og vinna að því að þeir tileinki sér heilbrigða lífshætti. Þeir leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi.

Í upphafi 21. aldar hafa orðið gagngerar breytingar í íslensku samfélagi sem hafa bein og óbein áhrif á skólakerfið og þá um leið nám nemenda og störf kennara. Hvort sem litið er til efnahags eða atvinnumála, félagsmála og fólksflutninga eða tækni og samskipta má finna deiglu og breytingar sem hafa áhrif á menningarlíf og þekkingu, menntun og uppeldi. Það má til sanns vegar færa að breytingar

Í íslensku samfélagi undanfarin ár hafi verið mjög hraðar og því aukast kröfur til skóla um að aðstoða samfélagið við að átta sig á breytingunum og takast á við nýjar aðstæður. Allt þetta eykur kröfur til kennarastéttarinnar, bæði til að greina samfélagsbreytingar og til að fella starfsemi skólanna að þeim á ábyrgan hátt.

Kennarar vinna í samráði við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstaka áherslu á hverju skólastigi. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrirmæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá.

2. Almenn menntun

2.1 Gunnþættir menntunar:

- 2.1.1 Læsi
- 2.1.2 Sjálfbærni
- 2.1.3 Lýðræði og mannréttindi
- 2.1.4 Jafnrétti
- 2.1.5 Heilbrigði og velferð
- 2.1.6 Sköpun
- 2.2 Hæfni
- 2.3 Námsþæfni

3. Mat og eftirlit:

Mat er órjúfanlegur þáttur í starfi skóla og námi barna og ungmenna. Námsmat veitir upplýsingar um árangur barna og ungmenna við að uppfylla markmið náms, örvar þau til frekari dáða og nýttist kennurum og starfsfólki við að stuðla að frekari framförum í námi. Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna og ungmenna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

3.1 Námsmat

Mat á árangri og framförum barna og ungmenna er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa.

Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi sem má hafa að leiðarljósi við skipulagningu náms. Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki þarf námsmat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt og áreiðanlegt. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem það á að meta á áreiðanlegan hátt.

Námsmat í skólanámskrá og starfsáætlun skóla

Gera skal grein fyrir viðmiðum námsmats og umsagna í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Nemendur, foreldrar, kennarar og aðrir starfsmenn skóla þurfa að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu.

Fjölbreyttar matsaðferðir

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær skulu vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspeglar áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og

sannjarnt. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Kennarar þurfa að hjálpa börnum og ungmennum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Tilhögun námsmats þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við áherslur í skólastarfi og höfða til sem flestra námsþátta. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Mappa eða vinnubók, þar sem safnað er saman verkefnum og úrlausnum, t.d. með rafrænum hætti, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið og gefið vísbendingar um ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir nemenda og félagsfærni. Námsmat þarf að taka tillit til þarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Skólum ber að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi í þessu efni. Þessir nemendur skulu eiga kost á frávikum frá almennu námsmati, t.d. lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð og munnlegt námsmat.

3.2 Mat á skólastarfi:

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þrjúþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögunum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Skólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati sínu en ráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög annast ytra mat á skólum. Ytra mat felst m.a. í úttektum á skólastarfi í heild eða einstökum þáttum þess, stofnanaúttektum, úttektum á námsgreinum og námsþáttum og eftirliti með innra mati skóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber jafnframt ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum þar sem við á. Þá ber ráðuneytinu að fylgjast með stöðu og þróun menntakerfisins. Í þeim tilgangi safnar ráðuneytið margvíslegum upplýsingum um skólahald, m.a. með þátttöku í alþjóðlegum könnunum á námsárangri og öðrum þáttum skólastarfs.

Ráðuneytið gerir áætlun um úttektir á öllum skólastigum og birtir þær á vef sínum. Einnig gefur ráðuneytið út ítarlegar leiðbeiningar um innra mat sem skólar geta nýtt sér kjósi þeir það.

Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem mat á skólastarfi hvílir á en í skólanámskrá útfærir skólinn nánar þau markmið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá og eftir atvikum í skólanámskrám. Mikilvægt er að innra og ytra mat á skólum nái til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverks skóla að styrkja nemendur til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun nemenda, samskiptahæfni og fleiri atriði sem m.a. tengjast grunnþáttum menntunar.

3.2.1 Innra mat

Í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu,

námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Til að leggja megi raunhæft mat á skólafarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Þær upplýsingar og þau gögn, sem eru lögð til grundvallar matinu, taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Leggja þarf mat á markmið og leiðir með reglubundnum hætti. Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. **Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar.** Skóli birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Persónulegar upplýsingar eru þó undanþegnar birtingu.

3.2.2 Ytra mat

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög bera ábyrgð á ytra mati leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, samkvæmt sérstakri reglugerð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir áætlanir til þriggja ára um ytra mat, kannanir og úttektir, sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd skólahlads í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Áætlanirnar eru endurskoðaðar árlega og eru birtar á vef ráðuneytisins.

Ráðuneytið gerir áætlun fyrir hverja úttekt þar sem fram kemur tilgangur úttektar, helstu viðmið og áherslur. Það fær óháða sérfræðinga til að sjá um framkvæmd úttekta og fer val á þeim samkvæmt verklagsreglum ráðuneytisins. Skólum, og eftir atvikum sveitarstjórnnum, er gert viðvart skriflega um væntanlega úttekt með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Ytra mat skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum, svo sem niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknnum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu. Skólum ber að upplýsa úttektaraðila sem best um þá þætti skólafarsins sem úttektin beinist að.

Úttektaraðilar skila ráðuneytinu skýrslu með niðurstöðum sínum. Áður en úttektarskýrsla er send ráðuneytinu fær viðkomandi skóli tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir. Athugasemdir skóla skal birta sem viðauka með skýrslu ef þess er óskað. Ytra mat er opinbert og skulu niðurstöður þess birtar á vefsvæðum skólans og ráðuneytisins eða með öðrum opinberum hætti. **Jafnframt skal, eftir því sem við á, birta áætlanir sveitarstjórnar og skóla um úrbætur í kjölfar úttekta á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Niðurstöðum ytra mats skal fylgt eftir með markvissum hætti.** **Ráðuneytið óskar eftir viðbrögðum framhaldsskóla og sveitarfélaga við niðurstöðum ytra mats. Á grundvelli þeirra viðbragða ákveður ráðuneytið til hvaða aðgerða verður gripið.**

4. Hlutverk framhaldsskóla

5. Grunnþættir og lykilhæfni

6. Nám og kennsla

6.1 Þekking, leikni og hæfni

6.2 Náms- og kennsluhættir

6.3 Starfsnám

7. Hæfniprep

8. Námslok á framhaldsskólastigi

8.1 Framhaldsskólapróf

8.2 Próf til starfsréttinda

8.3 Stúdentspróf

8.4 Önnur lokapróf

8.5 Viðbótarnám við framhaldsskóla

9. Framhaldsskólæining

10. Námsbrautalýsingar

10.1 Hæfniviðmið

10.2 Námsáfangar

- 10.3 Kjarnagreinar
- 10.3.1 Kröfur um kjarnagreinar til stúdentsprófs
- 10.3.2 Viðmiðunarpóf fyrir kjarnagreinar til stúdentsprófs
- 10.4 Íþróttir, líkams- og heilsurækt
- 10.5 Stúdentspróf
- 10.6 Uppbygging námsbrauta
- 10.6.1 Námsbrautir með námslok á fyrsta hæfniprepi
- 10.6.2 Námsbrautir með námslok á öðru hæfniprepi
- 10.6.3 Námsbrautir með námslok á þriðja hæfniprepi
- 10.6.4 Námsbrautir með námslok á fjórða hæfniprepi
- 10.7 Staðfesting námsbrauta

11. Námsmat

Námsmat gegnir mikilvægu hlutverki við að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að skólar setji sér stefnu varðandi fjölbreytt námsmat og leiðsögn nemenda. Námsmat skal vera réttmætt og áreiðanlegt og umfang þess í samræmi við nám og kennslu í viðkomandi áfanga.

Námsmat skal byggja á margvíslegum námsmatsaðferðum og fela í sér traustar heimildir um hæfni nemenda. Þess skal gætt að námsmatið taki til allra þátta námsins þannig að þekking nemenda, leikni og hæfni auk framfara sé metin. Námsmatsaðferðir geta verið verklegar, munnlegar eða skriflegar, falið í sér sjálfsmat, jafningjamat, símat og lokamat.

- 11.1 Lokavitnisburður og einkunnir
- 11.2 Prófúrlausnir og símatsgögn sem eru liður í lokaeinkunn
- 11.3 Prófskírteini
- 11.4 Ágreiningur um námsmat

12. Stjórnun skóla og skólanámskrá

- 12.1 Skólanámskrá
- 12.2 Skólanefnd
- 12.3 Kennarafundir og skólafundir
- 12.4 Nemendafélög
- 12.5 Heimili og skóli

13. Samstarf og skil milli skólastiga

- 13.1 Framhaldsskólastig
- 13.2 Grunnskólastig
- 13.2.1 Tengsl við hæfniprep í framhaldsskóla
- 13.3 Háskólastig
- 13.4 Atvinnulíf
- 13.5 Framhaldsfræðsla
- 13.6 Annað samstarf

14. Réttindi og skyldur

- 14.1 Velferð nemenda
- 14.2 Réttur nemenda til náms
- 14.3 Innritun í framhaldsskóla
- 14.4 Þjónusta
- 14.5 Nemendur með sérþarfir
- 14.6 Gjaldtaka opinberra framhaldsskóla
- 14.7 Skólareglur
- 14.7.1 Skólasóknarreglur
- 14.7.2 Meðferð ágreiningsmála
- 14.7.3 Framvinda náms
- 14.8 Meðferð gagna
- 14.9 Reykingar og vímuefni

15. Mat á námi

- 15.1 Mat á námi milli skóla
- 15.2 Raunfærnimat inn á námsbrautir framhaldsskólans

15.2.1 Framkvæmd raunfærnimats

16. Undanþágur frá aðalnámskrá

16.1 Námsgreinar og námsáfangar

16.1.1 Íþróttir

16.1.2 Nemendur með annað móðurmál en íslensku

16.2 Afreksfólk

17. Mat á framhaldsskólastarfi

17.1 Innra mat á framhaldsskólastigi

17.2 Ytra mat á framhaldsskólastigi

4. Yfirlit yfir fjárveitingar til Sprotasjóðs og Þróunarsjóðs námsgagna og þróun fjárveitinga.

Sprotasjóður⁸ er sameiginlegur sjóður fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá, samkvæmt 15. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla, 34. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 53. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Kveðið er á um hlutverk sjóðsins í reglugerð nr. 242/2009.

Ár	Samtals umsóknir	Heildarupphæð sem sótt var um	Úthlutunarupphæð	Fjöldi verkefna
2009	143	250 m.kr.	44 m.kr.	44
2010	128	252 m.kr.	44,78 m.kr.	47
2011	127	305 m.kr.	44 m.kr.	34
2012	189	400 m.kr.	43 m.kr.	46
2013	115	227 m.kr.	45 m.kr.	40
2014	124	259 m.kr.	50 m.kr.	37
2015	172	360 m.kr.	49 m.kr.	45

Þróunarsjóður námsgagna⁹ starfar samkvæmt lögum um námsgögn nr. 71/2007 og reglugerð um sjóðinn nr. 1268/2007. Hlutverk er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla í því markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.

Ár	Fjöldi umsókna	Heildarupphæð sem sótt var um	Úthlutunarupphæð	Fjöldi verkefna
2008	131	159 m.kr.	56,3 m.kr.	66
2009	134	200 m.kr.	61,44 m.kr.	56
2010	175	254 m.kr.	66,38 m.kr.	79
2011	150	125 m.kr.	40,26 m.kr.	64
2012	140	123 m.kr.	44,45 m.kr.	47
2013	144	190 m.kr.	43,84 m.kr.	35
2014	162	216 m.kr.	48,08 m.kr.	38
2015	124	164 m.kr.	48,34 m.kr.	35

⁸ sprotasjodur.is

⁹ rannis.is

